23. - 26. júlí 2009

Franskir dagar

Les jours français - Fjölskylduhátíð á Fáskrúðsfirði

Franskir Dagar
Les jours français

Tónleikar
Kenderíisganga
Heyvagnaakstur
Tour de Fáskrúðsfjörður
Íslandsmeistaramót í Pétanque

Flugeldasýning
Harmonikkuball
Dorgveiðikeppni
Varðeldur - Brekkusöngur
Dansleikur með hljómsveitinni Mónó

LVF · FJARDABYGGD · ALCOA · LANDSNET · FLUGFÉLAG ÍSLANDS · KFFB · Landflutningar SAMSKIP

AUKAKRÓNUR

ENNEMM / SÍA / NM38426 NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.

AUKAKRÓNUR

Þú færð allt mögulegt fyrir Aukakrónur

Þú safnar Aukakrónum þegar þú notar A-kortið þitt og fyrir þær getur þú keypt eitthvað sem þig vantar eða bara eitthvað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.*

Sæktu um A-kort á **aukakronur.is**

* Á myndunum sérðu hvað þú gætir keypt hjá samstarfsaðilum Aukakróna m.v. 150 þúsund kr. innlenda verslun á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum.
Sjá nánar á aukakronur.is.

A-kortin
Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig

Landsbankinn

66 rósir
á ári fyrir Aukakrónur

14 pizzur
á ári fyrir Aukakrónur

5 barnagallar
á ári fyrir Aukakrónur

2 flugsæti
á ári fyrir Aukakrónur

45 bátar
á ári fyrir Aukakrónur

7 veiðihjól
á ári fyrir Aukakrónur

2 gallabuxur
á ári fyrir Aukakrónur

36 bíóferðir
á ári fyrir Aukakrónur

224 lítrar
á ári fyrir Aukakrónur

105 bollar
á ári fyrir Aukakrónur

92 boltar
á ári fyrir Aukakrónur

2 iPod Shuffle
á ári fyrir Aukakrónur

410 4000 | landsbankinn.is

Franskir kossar

Jónas Friðrik – Góðir Landsmenn

Fyrir austan Vatnajökul veit ég
um leyndarmál sem deilum þú og ég.
Við bjuggum til á fögrum sumardegi
sögu sem er greypt í huga mér.

Ég hafði aðeins séð þig fyrr um daginn
auga mitt það leitaði til þín.
Á kenderíi röltum við um bæinn
og fyrr en varði varstu orðin mín.

Kúrðu þig í fangið á mér
horfðu inn í logagló
syngjum söngva um ástina
og litla, stolta þjóð.
Ég veit það vel að þú og ég
við verðum aldrei ein
og franskir kossar gera engum mein.

Við lyftum okkur upp á Sumarlínu
og Franska safnið stytti okkur stund.
Við sátum inni í Skrúðgarði til morguns
og sungum til hvors annars létt í lund.

Í petanque keppni gafstu ekkert eftir
og vannst mig víst í Tour du Faskrudsfjord.
Á ballinu í Skrúð við skemmtum okkur
og stráðum fræi í ástarinnar svörð.

Kúrðu þig í fangið á mér
horfðu inn í logagló
syngjum söngva um ástina
og litla, stolta þjóð.
Þú veist innst í hjarta þínu
að staður þinn er hér
og franskir kossar bíða eftir þér.

Á endanum þó þurftum við að halda
sitt í hvoru lagi um langan veg.
Í gegnum tregann samt sem áður vissum
að við hittumst hér að ári þú og ég.

Núna hafa fjórtán ár víst liðið
og gefið okkur gleði og vina fjöld.
Við vitum bæði að ástin okkar lifir
jafnvel þó að líði ár og öld.

Kúrðu þig í fangið á mér
horfðu inn í logagló
syngjum söngva um ástina
og litla, stolta þjóð.
Og er ég eldist ástin mín
þá eldist ég með þér
og franskir kossar þekja farinn veg.

Franskir kossar

Franskir dagar 2009

Útgefandi:
Franskir dagar 2009

Ritstjóri Albert Eiríksson
Prentun Héraðsprent

Ljósmynd á forsíðu: Albert Eiríksson, á myndinni eru Brynja Rún Steinþórsdóttir, Laufey Birna Sigurðardóttir, Anna Valdís Einarsdóttir og Malen Valsdóttir.
Nánari upplýsingar um hátíðina og lagið Franskir kossar má finna á www.franskirdagar.com.

Við hvetjum landsmenn til að fjölmenna á Franska daga á Fáskrúðsfirði 23.–26. júlí. Öllum sem lagt hafa hönd á plóg við undirbúning Franskra daga eru færðar bestu þakkir.

Végarður í Fljótsdal

Kynnist Kárahnjúkum og Fljótsdalsstöð ásamt ferðamennsku og útivist norðan Vatnajökuls.

Opið alla daga kl. 13–17.

Skipulagðar skoðunarferðir í Fljótsdalsstöð
alla daga til 10. ágúst kl. 13.30–15.30.
Sími gestastofunnar er 470 2570.

Nánari upplýsingar um heimsókn til Landsvirkjunar eru á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.

Landsvirkjun
Árangur fyrir alla

PIPAR • SÍA • 91179

Lauk- og ansjósubaka frá Nice

Pissaladiére

Botn
- 250 g hveiti
- 125 g smjör
- 6 msk vatn
- salt

Hrærið vel saman og látið standa nokkrar klukkustundir eða yfir nótt.

Fylling
- 4-6 msk ólífuolía
- 1 kg laukur
- 3 hvítlauksgeirar
- steinlausar svartar ólífur
- 2-3 dósir ansjósur
- salt-pipar
- Herbes de Provance

Skerið laukinn í þunnar sneiðar og hvítlaukinn smátt. Brúnið í 5 mín. við vægan hita í olíu. Bætið salti og pipar út í. Látið ekki brúnast of mikið.

Gerið bökudeigið og setjið í eldfast form eða á plötu. Setjið laukinn ofan á og raðið ansjósunum yfir. Stráið Herbes de Provance yfir eftir smekk. Bakið í 20 mín. við 210°. Skreytið með ólífum og hellið 3 msk af ólífu-olíu yfir.

Umsjón Albert Eiríksson

Texti: Albert Eiríksson
myndir: Albert og úr einkasafni

Sigurrós frá Brimnesgerði

Brimnesgerði í Fáskrúðsfirði lætur ekki mikið yfir sér í dag. Þar var áður blómlegt mannlíf þótt fátt beri þess nú merki - fjórbýlt þegar mest var, en flest höfðu býlin litlar landnytjar. Brimnesgerði var í alfaraleið því að fjallvegur lá upp af bænum um Hrossadalsskarð yfir í Hafranes í Reyðarfirði. Fljótlega eftir að síminn kom til landsins var línan lögð þar um. Vegurinn lagðist af þegar bílvegur var lagður yfir Staðarskarð á fimmta áratugnum.

Í hlýlegri íbúð á hjúkrunarheimili í Reykjavík hitti ég níutíu og níu ára gamla konu sem fæddist og ólst upp í Brimnesgerði, flutti síðar að Búðum og loks til Reykjavíkur. Ég bað hana að segja mér frá æskuárunum á Fáskrúðsfirði.

Ólöf Sigurrós Ólafsdóttir fæddist 21. febrúar 1910 í Brimnesgerði. Foreldrar hennar voru Ólafur Finnbogason (1861-1935) frá Brimnesgerði og Sigríður I. Bjarnadóttir (1868-1942) úr Skriðdal.

Systkini Sigurrósar voru: Sigurrós (1891-1908), Jón Emil (1893-1982), María Ragnhildur (1896-1980), Lovísa (1898-1919), Anna Sigríður (1900-1980), Bjarni Ásgeir (1903-1933), Elínborg Pálína (1906-1998), Sigurður (1907-?) hálfbróðir hennar samfeðra var Ágúst Ólafur (1899-1976).

Gamla húsið í Brimnesgerði stóð á sama grunni og það sem seinna stóð þar. „Afi gerði vandaða hleðslu úr höggnu steinlímdu grjóti undir húsið. Í kjallaranum var góð geymsla fyrir mjólkurarfurðir, slátur og fleira. Húsið var stofuhæð og ris, nokkuð undir súð, og háaloft þar fyrir ofan. Á vesturloftinu var hlaðinn skorsteinn úr steinlímdum rauðum tígulsteini. Hann var óspart notaður af okkur krökkunum til að hlaupa í kring eins og jólatré. Ég hef oft undrast þann dugnað og hagsýni sem foreldrar mínir sýndu með því að ráðast í húsbyggingu og margt annað, á helmingnum af þessu litla og ótrúlega erfiða koti. Auk hússins var vetrarfjós fyrir tvær til þrjár kýr, rétt við hlaðið, en svo var sumarfjós fyrir kýrnar neðar við Villingaána sem var notað fyrir hestana á veturna. Hlaðan var skammt fyrir vestan íbúðarhúsið og fjárhús áfast við hana, rétt við lítinn læk, sem þá varð bæjarlækurinn okkar."

Eftir að foreldrar Sigurrósar, Ólafur og Sigríður, fluttu frá Brimnesgerði brann húsið. Þá var húsið Hamborg (sem stóð fyrir innan Templarann á Búðum) flutt á grunninn.

Fleiri bjuggu í Brimnesgerði um síðustu aldamót. „Ásmundur föðurbróðir minn fluttist að Brimnesgerði árið 1895 ásamt konu sinni, Júlíönu Rasmusdóttur og börnum þeirra. Hann stundaði mest sjó en bjó lítið, átti í miklum fjárhagserfiðleikum. Árið 1908 flutti hann í Höfða (milli Höfðahúsa og Lækjamóts). Þaðan stundaði hann sjó, en fórst í róðri við annan mann í fárviðri í október árið 1910.

Anna, Elínborg, Jón, Sigurður í fangi föður síns Ólafs, Lovísa, Sigríður með Sigurrós, Ragnhildur og Ásgeir. Á myndina vantar Sigurrós sem dó á Akureyri.

Annar föðurbróðir, Indriði, og Guðný kona hans Magnúsdóttir fluttust um 1899 að Bakkagerði. Þar var lítill torfbær sem stóð innan við Villingaána niður við sjóinn. Þar var engin grasnyt. Indriði var við sjóróðra upp á hlut og þarna lifðu þau við sára fátækt með fimm börn. Indriði fékk slæma brjósthimnubólgu og var lengi veikur og rúmliggjandi. Það voru miklir erfiðleikar þangað til hann gat farið aftur að vinna. Þau fluttust árið 1905 í Búðakaupstað, byggðu Hlíðarenda (þar sem Draumaland stendur nú) og smám saman vænkaðist hagur fjölskyldunnar. Indriði var glaður í lund þrátt fyrir erfiðleika, söngelskur, spilaði á harmóníku og var oft fenginn til að spila á böllum í kaupstaðnum."

SELSKAPSKONA Í REYKJAVÍK

Áður en leiðir Sigríðar og Ólafs lágu saman var hún selskapsdama í Reykjavík hjá Elínu Jónasdóttur Stephensen, eiginkonu Magnúsar Stephensen, síðasta landshöfðingja á Íslandi. Af henni lærði hún dönsku vel. „Mamma sagði okkur oft sögur frá þessu ári hjá hjónunum, greinilegt var að henni hafði líkað vistin þar vel." Hún fór með Elínu hvert sem hún fór, meðal annars í allar veislurnar.

Sigríður hafði áður gætt barna prestshjónanna á Valþjófsstað í Fljótsdal og var þaðan fermd. Sigurrós telur sennilegt að presturinn hafi þekkt til landshöfðingjahjónanna og að móðir hennar hafi komist til þeirra að hans tilstuðlan.

EFTIRMINNILEG KIRKJUFERÐ

Ein af fyrstu minningum Sigurrósar er kirkjuferð á aðfangadag þegar hún var á sjötta ári. „Mamma og pabbi voru eftir heima að undirbúa jólin og jólasteikina. Við systkinin fórum samferða fólkinu af byggðinni til messu. Það bættist í hópinn eftir því sem við nálguðumst prestssetrið Kolfreyjustað. Harðfenni var yfir öllu, miklar stillur, tunglsljós og stjörnubjart. „Siggi strákur, flýttu þér, það liggur á," man ég að Jónína á Höfðahúsum kallaði til sonar síns þegar þau voru að hafa sig til. Þegar inn í kirkjuna kom, blasti við mér sú mesta fegurð sem ég hafði augum litið. Kristalsljósakrónan glitraði svo fallega og endurspeglaði stórkostlega fegurð og birtu. Séra Haraldur var glæsilegur maður, hár og grannur og bar sig vel. Þarna var hann klæddur í rautt og gyllt vesti utan yfir hvítan kyrtil. Þetta fannst mér stórkostlegt að sjá og eftirminnilegt. Mér fannst kirkjuferðin mikið ferðalag, en óskaplega var gott að koma heim í rifjasteik og jólagraut til mömmu."

Eins og siður var áður fyrr, voru lesnir

húslestrar. „Pabbi las oft úr hugvekjum Péturs Pétursonar og svo tóku allir undir í viðeigandi sálmum. Mér er það minnisstætt hvað pabbi kunni mikið af sálmalögum og söng vel.

Við áttum tvo hunda, Víga og Lappa, báðir góðir fjárhundar og barngóðir. Það var gaman að fara upp í Dal (Hrossadal) og upp að Gráu grjótum. Þar voru slegnar engjar og ég fékk það hlutverk að fara með mat til fólksins á hesti og hundarnir fylgdu með."

Sigurrós fermdist í Fáskrúðsfjarðarkirkju annan dag hvítasunnu árið 1924. Fermingarsystkini hennar voru: Aðalheiður Tryggvadóttir, Guðbjörg Huld Magnúsdóttir, Guðný Svanhvít Guðmundsdóttir, Margrjet Guðnadóttir, Pálína Indriðadóttir, Þóra Pálína Bjarnadóttir, Þóra Stefánsdóttir, Aðalsteinn Valdemar Bjarnarson, Egill Sigurðsson, Jens Lúðvíksson, Páll Þorleifsson, Pjetur Guðbjörn Guðmundsson, Skúli Vigfússon, Steinþór Gunnar Marteinsson og Þorkell Þorsteinsson.

SKEMMTANIR

Sigurrós fór ásamt Svanhvíti í Þórshamri, jafnöldru sinni og vinkonu alla tíð, á konungskomuna á Seyðisfirði 1926, þegar Kristján X og Alexandrína drottning heimsóttu landið. „Guðrún í Brekku, móðir Svanhvítar, var þó ekkert sérstaklega ánægð með að ég væri að draga dótturina með til Seyðisfjarðar." Stöllurnar fóru ásamt fleiri Fáskrúðsfirðingum í veg fyrir bát sem beið á Vattarnesi og þaðan til Seyðisfjarðar. Ferðalagið tók sólarhring, en báturinn beið á meðan fjölmennið hyllti konungshjónin.

Unga fólkið á Fáskrúðsfirði fór á hverju sumri á skemmtanir í Atlavík. „Þá var farið á bát til Reyðarfjarðar, þaðan á kassabíl í Egilsstaði og loks var siglt á Fljótinu í Atlavík þar sem dansað var á palli. Þetta var hið mesta ferðalag, en mikið var alltaf gaman."

Sigurrós fór fyrst á ball í Templaranum þegar hún var fjórtán ára. Hún grátbað Elínborgu systur sína að koma með sér. „Á þeim árum voru kvenfélagsböll mjög vinsæl. Við Svana gengum í kvenfélagið rétt eftir fermingu. Við bárum kaffibollana og tókum til ýmislegt og fengum að launum frítt á ballið. Ég dansaði eins og ég ætti lífið að leysa. Síðan var tekin pása, farið út í Wathneshús og drukkið þar kaffi. Svo héldu allir áfram að dansa, já já, það er nú líkast til," segir hún með sælusvip og á greinilega góðar minningar frá böllunum. „Stundum var slegist, ég man til dæmis eftir hræðilegum slagsmálum fyrir utan Templarann. Fransmennirnir voru ekkert verri en Íslendingarnir, - ef einhver segir það, þá er það ekki rétt."

Hreinn Pálsson söngvari og skipstjóri á

Hjónin Sigurrós Ólafsdóttir og Guðmundur I. Guðjónsson.

Andey kom oft við á Fáskrúðsfirði. „Það var mikið fjör þegar hann kom í land því hann söng gjarnan. Þá voru engin vandræði með undirleik, það var alltaf tilhlökkun að fá Andeyna í land."

VEIKINDI OG ANDLÁT

Brimnesgerðishjónin misstu tvær elstu dætur sínar úr barnaveiki. Þær hétu báðar Anna Sigríður. Fleiri skörð voru höggvin í systkinahópinn. Þegar Sigurrós eldri var nýkomin til náms á Akureyri, sautján ára að aldri, smitaðist hún af berklum og dó þar skömmu síðar.

Lovísa systir Sigurrósar veiktist veturinn 1918 af Spænsku veikinni í Reykjavík. Þar stundaði hún orgelnám fyrir Kolfreyjustaðarkirkju og undirbúningsnám fyrir Verslunarskólann. Hún lauk hvorutveggja og kom austur, spilaði nokkrum sinnum í kirkjunni, en veiktist þá hastarlega. „Pabbi fór yfir Hrossadalsskarð og til Eskifjarðar til að sækja lyf. Lovísa lá í þrjár vikur mikið veik, svo kvalin að hljóðin heyrðust út á tún. Hún gat ekkert talað en hafði meðvitund. Fyrst var talið að hún hefði berkla, en eftir andlátið varð líkið blátt öðru megin sem sýndi að þetta hafði verið Spænska veikin."

Eftir andlát Lovísu flutti fjölskyldan frá Brimnesgerði og keypti húsið Dvergastein á Búðum.

DVERGASTEINN

„Í Dvergasteini höfðum við nokkrar kindur og eina kú. Pabbi sló eitt sumar í Andey, það sumar var mjög góð tíð. Heyið var þurrkað þar og flutt í land. Það dugði vel fyrir skepnurnar næsta vetur. Ég veit ekki til að aðrir hafi slegið í Andey."

Fjölskyldan vann mikið í fiskvinnu. „Það var afar erfitt fyrir krakka eins og mig. Verkstjórarnir sýndu okkur mikla hörku, þeir áttu það til að bæta við fiski á handbörurnar eftir að við vorum lögð af stað. Þetta var sko engin barnavinna.

En heima í Dvergasteini var til orgel sem allir spiluðu á og við sungum mikið. Þegar við vorum í Brimnesgerði komu krakkarnir af næstu bæjum og allir sungu af lífs og sálar kröftum við orgelundirleik.

Við mæðgurnar gerðumst aðventistar. Guðmundur Pálsson og Katrín Björgólfsdóttir trúboðar komu á Fáskrúðsfjörð þegar ég var unglingur. Þau héldu samkomur í Templaranum og þangað mætti fjölmenni. Þar söng Guðmundur sálma sem við höfðum eðlilega ekki heyrt áður. Daginn eftir fyrstu samkomuna sáum við þau hjónin á gangi um bæinn, þar sem þau horfðu mikið niður að Dvergasteini. Hjónin komu heim og þeim var boðið inn. Guðmundur rak augun í orgelið og spurði hvort ég spilaði á það og ég játaði því. Hann sagðist hafa beðið til guðs að vísa sér á einhvern sem ætti orgel og gæti spilað á það.

Eiður Albertsson skólastjóri kenndi mér að spila á orgel. Eiður æfði líka upp kór og við sungum á söngskemmtun til styrktar Pálínu frænku minni, sem fór til Akureyrar að leita sér lækninga. Þá söng ég líka í kirkjukórnum heima."

REYKJAVÍK

Sautján ára gömul flutti Sigurrós suður og foreldrar hennar stuttu síðar. Í fiskvinnunni hafði hún fundið fyrir stífni í vöðvum og átti erfitt með hreyfingar. „Í ljós komu berklar og því fór ég suður. Ég neitaði að leggjast inn á Vífilsstaði því að ég vissi að eftir þá dvöl fengi ég hvergi vinnu. Daglega fékk ég mörk af joðmjólk og viti menn, mér batnaði á nokkrum vikum."

Hún bjó fyrst á Suðurgötu hjá Jóni bróður sínum og Margréti konu hans. „Eftir berklana vann ég hjá Hreini/Sírius við að steypa kerti. Þar var ég í nokkur ár og líkaði vel." Í borginni kynntist Sigurrós mannsefni sínu, Guðmundi I. Guðjónssyni frá Arnkötludal í Steingrímsfirði, stofnanda og skólastjóra Æfingadeildar Kennaraskólans. Guðmundur var listaskrifari og gaf meðal annars út forskriftarbækur sem þjóðin lærði að skrifa eftir um langt árabil. Guðmundur og Sigurrós giftu sig 1951 og bjuggu lengst við Neshaga í Reykjavík. Þeim varð ekki barna auðið, en fyrir átti Guðmundur átti tvo syni, Svavar f. 1932 og Helga (1936-1984).

Myndin er tekin þegar saltað var í sólahring á Búðum. Við Alberta Sigurjónsdóttir (1916-2004) vinkona mín söltuðum saman. Eftir að hafa staðið við söltun í sólarhring fórum við heim, skiptum um föt og fórum inn á Búðagrund þar sem tekin var af okkur ljósmynd. Við hlógum svo mikið að ljósmyndarinn ætlaði aldrei að geta tekið af okkur myndina. Við vorum vitlausar af hlátri vegna svefnleysis.

Texti: Sigríður Fanney Guðjónsdóttir
myndir: Úr einkasafni

Þorsteinn á Þernunesi

Í ár eru 100 ár liðin frá fæðingu langafa míns, Þorsteins K. Björnssonar bónda á Þernunesi. Segja má að hann hafi verið sannkallaður maður 20. aldarinnar þar sem hann lifði hana nánast alla. Þorsteinn upplifði því þær miklu tækni- og þjóðfélagsbreytingar sem þá áttu sér stað. Frá 25 ára aldri og fram á 77. aldursár hélt Þorsteinn dagbók. Í dagbókina skrifaði hann hvern einasta dag í þessi rúm fimmtíu ár. Með aðstoð bókanna er hægt að skyggnast inn í líf Þorsteins og samferðamanna hans og varpa ljósi á atburði líðandi stundar út frá sjónarhóli austfirsks bónda. Í þessari grein verður ævi Þorsteins rakin stuttlega í máli og myndum og inn á milli fær hann sjálfur orðið með beinum tilvitnunum í dagbækur hans.

Þorsteinn K. Björnsson fæddist 30. desember árið 1909 í Hvammi í Fáskrúðsfirði. Foreldrar hans voru Björn Oddsson (1882-1961) frá Hvammi og Jónína Guðlaug Þorsteinsdóttir (1880-1967) frá Eyri í Fáskrúðsfirði. Þorsteinn var þeirra þriðja barn. Þau sem komust upp eru Stefán Björn, Magnea Elínbjörg, Þorsteinn Kemp, Oddný Þórunn, Óskar Daníel, Jón, Anna og Sigrún. Fyrstu æviár Þorsteins bjó fjölskyldan í Hvammi en árið 1917 fluttist hún í Berunes við Reyðarfjörð. Þorsteinn tók þátt í störfum á bænum eins og gengur en um tvítugsaldurinn fór hann að heiman og þá til náms.

Hann stundaði nám við Héraðsskólann á Laugarvatni veturna 1930-1932 og minnist oft þeirra tíma í dagbókum sínum, sem hann hafði þá ekki byrjað að skrifa. Á Laugarvatni kynntist Þorsteinn Steinunni Lovísu Einarsdóttur (hér eftir nefnd Lovísa eða Lúlla), frá Ferjubakka í Borgarfirði, sem síðar varð eiginkona hans.

Eftir skólavistina á Laugarvatni fór Þorsteinn aftur að Berunesi til foreldra sinna og sinnti þar, eins og hann orðaði það sjálfur „venjulegum heimilisstörfum, heyvinnu á sumrum og sauðfjárhirðingu á vetrum.“ Þennan tíma á Berunesi var Lovísa þar einnig og starfaði sem vinnukona. Ekki hefur Þorsteini þótt fýsilegt að fara austur á land og skilja Lovísu sína eftir á suðurlandi og sagði Oddný systir hans einhverju sinni þá sögu að hún hefði, fyrir tilstilli bróður síns, þóst þekkja stúlku sem gæti ef til vill orðið vinnukona á Berunesi. Því varð það úr að Lovísa kom sem vinnukona á bæinn og leið víst nokkur tími þar til fólk komst að hinu sanna um samband þeirra Þorsteins og Lovísu.

Tveimur árum síðar, eða 1934, fór Þorsteinn til náms við Bændaskólann á Hvanneyri. Það var þar sem hann hóf að halda dagbók. Í inngangi bókarinnar greinir hann frá atburðum síðustu missera áður en dagbókin byrjar þann 1. janúar 1935. Þá var hann ný orðinn 25 ára gamall og búinn að dvelja á Hvanneyri í nokkra mánuði. Segir Þorsteinn meðal annars í inngangi „Tíminn leið í mestu rólegheitum, fram til jóla. Menn stunduðu námið, sumir af kappi, aðrir lakar, eins og gerist. Nemendur voru 50, 25 í hvorri deild. Tíðin var ágæt, einkum eftir að desember byrjaði. Ég kom á nokkra staði nálægt Hvanneyri, t.d. nokkrum sinnum að Ferjubakka, að heimsækja Lúllu, sem ég þekkti frá Laugarvatni og einnig var hún búin að vera heima, eins og áður er sagt.“

Þorsteinn á námsárunum á Laugarvatni

Á Hvanneyri deildi Þorsteinn herbergi með þremur öðrum ungum mönnum. Auk námsins tók hann virkan þátt í félagslífi skólans og var meðal annars í málfundafélaginu Fram. Af skrifum Þorsteins um málfundafélagið má glöggt sjá að nokkur kraftur hefur oft og tíðum verið í störfum þess. Í dagbók sinni lýsir Þorsteinn náminu og ýmsu því sem henti við skólann. Bolludeginum 1935 lýsir hann svo: „Veðrið: Suðvestan gola, snjóél. Við lögðum af stað í nótt 3 hér af no 8, inn í hús til að hýða stúlkurnar. Lítið varð þó um hýðingar, því heimamenn tóku á móti okkur í dyrum hússins og vörðu okkur inngöngu. Ryskingar urðu þar nokkurar, en meiðingar þó litlar. “

Þegar skólaárinu á Hvanneyri lauk vorið 1935 fór Þorsteinn í verknám á Sámsstöðum í Fljótshlíð ásamt Jörgen Kjerúlf skólabróður sínum frá Krossavík í Vopnafirði. Búnaðarfélag Íslands hafði nokkrum árum áður keypt Sámsstaði og voru þar stundaðar tilraunir í jarðrækt. Klemenz Kristjánsson var fyrsti tilraunastjórinn og jafnframt kennari þeirra Þorsteins og Jörgens. Í dagbókum Þorsteins eru nákvæmar lýsingar á tilraununum svo og af ýmsu því sem átti sér stað

Laugarvatnskórinn. Í öftustu röð t.v. eru tveir áberandi háir piltar, Þorsteinn er sá sem horfir á stjórnandann. Lovísa er þriðja stúlka í fremstu röð frá hægri.

Frá vinstri: Þorsteinn með Ragnar, Jóhanna, Lovísa, Guðlaug, Guðjón Sigurðsson eiginmaður Oddnýjar, Logi Guðjónsson, Guðmundur, Oddur.

í sveitunum í kring á þessum tíma. Við lok dvalarinnar á Sámsstöðum ákváðu þeir félagar, Þorsteinn og Jörgen, að fara fótgangandi austur á land. Er för þeirra lýst í nokkrum smáatriðum í dagbók Þorsteins, rakin leiðin sem þeir gengu, hvar þeir áðu, hverja þeir hittu og jafnvel hvað þeir borðuðu. Skal þó tekið fram að einhverja hluta leiðarinnar fengu þeir far með bíl eða hesta til láns. Er í ferðasögunni meðal annars þessi frásögn frá 29. júní 1935: „Á sandinum skammt austan við Lómanúp, belja Núpsvötn fram. Þau voru nú ágæt yfirferðar, ekki nema rúmlega í kvið. Eftir að komið er yfir vötnin, liggur leiðin austur Skeiðarársand, skammt frá Skeiðarárjökli. Nokkuð austarlega á sandinum er sæluhús, þangað komum við kl. 12 á hádegi. Við sæluhúsið mættum við ferðamönnum á vesturleið og snéri Guðm. aftur með þeim. Menn þessir höfðu riðið Skeiðará á veginum og létu vel af henni. Við Jörgen hugsuðum okkur að fara fyrir ána á jökli, til þess að geta komið á Bæjarstaðaskóg. Við héldum af stað kl. 12.25 og tókum stefnu á skriðjökulhornið, þar sem Skeiðará kemur undan honum, mun það vera ca í NA. Kl. 2:25 komum við að upptökum Skeiðarár og gengum á jökulinn. Við höfðum aldrei fyrr gengið jökul og fórum því hægt yfir hann, til þess að athuga vel það sem fyrir augun bar. Hálftíma vorum við yfir jökulhornið og gekk það ágætlega. Þegar jöklinum sleppir tekur við skógur nokkur, en þó er hinn eiginlegi Bæjarstaðaskógur nokkru austar með fjallinu. Við héldum svo austur fallega skógivaxna fjallshlíð og komum að Bæjarstaðaskógi kl. 3.25. Þar var Hákon Bjarnason skógfræðingur og með honum margir Öræfingar, voru þeir að girða skóginn. Hákon kom strax til móts við okkur Jörgen niður úr skóginum og bauð okkur til kaffidrykkju. Við fórum svo með honum í tjald hans þar uppi í skógarþykkninu og drukkum kaffi þar. Í tjaldinu var glatt á hjalla og skemmtu menn sér við að tala um ævintýri sem gerst hafði á Skeiðarárjökli daginn áður. Þar voru menn á ferð með hesta, stilltu einum hestinum fram á jökulsprungubarm, til þess að ljósmynda hann, en misstu hann við það ofan í sprunguna. Ekki varð þó slys af því og náðist hesturinn óskemmdur upp úr. “ Eins og sjá má af þessari lýsingu var Þorsteinn áhugamaður um náttúruna og margar lýsingar eru af staðháttum hvar sem hann kom.

Á vordögum 1936 réðu Þorsteinn og Lovísa sig í vist á Refsstað í Vopnafirði hjá Páli Methúsalemssyni. Í Vopnafirði giftu þau sig. Frásögn Þorsteins af brúðkaupsdeginum, 14. júní 1936 er eftirfarandi: „Veðrið: Utan kaldi og sólskin framan af deginum, en lygndi og setti þoku, þegar kom fram yfir miðjan dag. Við Lúlla höfðum ákveðið, að gifta okkur í dag, og ætlaði Páll að ríða með okkur inn að Hofi. Svo vel vildi til, að Jörgen í Krossavík var á ferð hér inn á bæjum, og fengum við hann með. Ekki lögðum við af stað frá Refsstað fyrr er kl. að ganga fjögur og þurftum þá út á V.f., því prófastur vildi að við hefðum heilbrigðisvottorð frá lækni. Þegar við komum svo inn að Ásbrandsstöðum fékk ég lánaðan hest, því Léttir var dálítið haltur ennþá. Prófasturinn á Hofi heitir sr. Jakob Einarsson og gifti hann okkur inni í stofu hjá sér, kl. 8 e.h. Aðrir voru ekki við en svaramennirnir, Páll og Jörgen. Eftir vígsluna þágum við kaffi og riðum heim síðan.“

Eftir ársdvöl á Refsstað komu þau aftur í Berunes og voru þá að leita sér að jarðnæði. Í júní 1937 hófu hjónin óvænt búskap á Hafranesi í Reyðarfirði. Einar Stefánsson bóndi á Hafranesi vildi þá hætta að búa og bauð Þorsteini jörðina til leigu. Fáum dögum eftir að boðið barst hófu þau búskap. Mánuði síðar flutti Jóhanna Sigurðardóttir, móðir Lovísu, til þeirra og bjó hún með fjölskyldunni allt til dauðadags árið 1976. Fyrsta haustið á Hafranesi eignuðust Þorsteinn og Lovísa sitt fyrsta barn en alls urðu börnin sjö. Þau eru; Björn f. 1937, Þorvaldur f. 1940, Guðlaug f. 1941, Oddur f. 1942, Guðmundur f. 1947, Ragnar f. 1951 og Jóhanna Guðrún f. 1954. Segir Þorsteinn svo frá fæðingardegi dótturinnar Guðlaugar, 23. ágúst 1941: „Stillt veður. Leit jafnvel út fyrir þurrk í morgun en lítið úr honum. Breiddum þó heyið, sem til var, sem mest var í forarblautum föngum. Þornaði lítið. Hirtum útheyið frá í gær. Byrjuðum lítilsháttar að slá há í morgun, og nýju sléttuna. Lúlla var með okkur við heyskapinn fram yfir miðjan dag. En kl. að verða sex tók hún „jóðsótt“, hafði reyndar verið lasin öðru hvoru að undanförnu. Ég sendi Bjarna út að Hafranesi og fékk hann þar menn og bát með sér að sækja Jónínu á Karlsskála. Sjálfur reið ég inn að Berunesi, og fékk mömmu úteftir. Kl. 9:15 í kvöld fæddi Lúlla stúlkubarn og líður nú báðum vel (um miðnætti). Stelpan var 15,5 merkur að þyngd, og 57 cm á lengd.“

Í maí 1940 fluttu Þorsteinn og Lovísa í Þernunes, næsta bæ innan við Hafranes. Kom það til vegna þess að Sigurður Kristinsson á Þernunesi keypti Hafranes og höfðu fjölskyldurnar í kjölfarið búsetuskipti. Þorsteinn og Lovísa leigðu Þernunes næstu árin en keyptu jörðina árið 1953 og bjuggu þar alla tíð og stunduðu búskap.

Þorsteinn hafði mikinn áhuga á dýrum og öllu sem tengdist þeim. Sérstaklega hafði hann gaman af hestum, bæði að vinna með þeim og ferðast á þeim. Á Þernunesi var búið með ýmis dýr, þó sumar tegundir hafi stoppað styttra við en aðrar. Á bænum voru kindur, kýr, geitur, hestar, endur, hænur og gæsir, sem sérstaklega voru aldar og seldar fyrir jólin. Einnig voru þar kanínur, hundar, kettir, dúfur og einhverju sinni voru þar kalkúnar.

Börn Þorsteins og Lovísu; Björn, Þorvaldur, Guðlaug, Oddur, Guðmundur, Ragnar og Jóhanna

Þernunes um 1940. Húsið var byggt af Kristjáni Indriðasyni og Lukku Friðriksdóttur árið 1916.

Eins og áður segir má lesa um framfarir á ýmsum sviðum í dagbókum Þorsteins og þar er til að mynda að finna þessa frásögn frá laugardeginum 22. maí 1943: „Gott veður. Var talsvert næturfrost, og hvít Hafranesfjaran í morgun, af ísreki. Símamennirnir unnu hér í dag, lögðu línuna hér heim. Kl. hálf fimm var komið símasamband hér heim, og talaði ég bæði við Eyri og Berunes. Í kvöld smöluðum við ekki fénu og liggja ærnar því úti í fyrsta sinn í nótt.“ Og enn af framförum þann 30. ágúst 1947: „Dálítill framan vindur fyrst í morgun, sem ekkert varð svo úr. Sólskin ööru hvoru og sæmilegur þurrkur. Ekki hirtum við þó nema 9 bagga. Sá atburður gerðist hér í dag, að ég fékk í fyrsta sinn vörur á bílum hér heim í hlað. Komu tveir bílar frá Kaupfél. á F.f. með kol og maís, hér heim að kjallaradyrum. Var það áreiðanlega mikill munur, móts við það að fá vörurnar á bát hér að Sandinum.“

Þorsteinn var alla tíð mikill göngu- og íþróttamaður. Hann fór hratt yfir og skrapp í kaupstað eða á milli bæja fótgangandi án þess að það væri nokkuð tiltökumál. Jóhanna dóttir hans minnist þess einnig að hann hafi einhverju sinni brugðið á leik með börnunum og staðið á haus, þá kominn hátt á sextugsaldur.

Hjónin sungu bæði í kirkjukór Kolfreyjustaðarkirkju og einnig var Þorsteinn safnaðarfulltrúi til margra ára og sinnti hlutverki sínu sem slíkur af alúð. Sönginn æfði hann ekki aðeins þegar kórinn kom saman heldur mátti oft og tíðum ganga að honum syngjandi við vinnu, meðal annars í fjósinu. Þorsteinn gegndi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir sveit sína, m.a. bólusetti hann við garnaveiki á sinni byggð í 25 ár, var í hreppsnefnd og í yfirkjörstjórn Fáskrúðsfjarðarhrepps.

Börnin hjálpuðu til við bústörfin eftir getu og smám saman tók elsti sonurinn Björn við ásamt eiginkonu sinni Sigríði Steinsdóttur frá Dölum, en Þorsteinn vann á búinu meðan kraftar leyfðu. Lovísa lést árið 1973, en Þorsteinn lést árið 1991, á 82. aldursári.

Nýgift, Þorsteinn og Lovísa í Vopnafirði.

Þorsteinn í herbergi sínu á Þernunesi

Heyi ýtt að hlöðunni á Þernunesi, Þorsteinn stjórnar ýtunni, Jens Olsen vinnumaður togar í hestinn og Björn Þorsteinsson heldur á heyinu.

Söngskemmtun í Fáskrúðsfjarðarkirkju

Söngvararnir Ásgeir Páll Ágústsson og Þorvaldur Kr. Þorvaldsson halda söngskemmtun í Fáskrúðsfjarðarkirkju föstudaginn 24. júlí. Anna Guðný Guðmundsdóttir leikur með þeim á píanó.
Síðan Þorvaldur og Ásgeir Páll hittust á tröppum Söngskólans fyrir 10 árum, þar sem þeir þreyttu inntökupróf, hafa þeir verið óaðskiljanlegir og komið víða fram við söng og skemmtun. Þeir koma nú fram í fyrsta sinn við undirleik Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur, sem fyrir margt löngu skipaði sér í röð með fremstu pianóleikurum Íslands. Hún hlaut Íslensku Tónlistarverðlaunin árið 2008 fyrir flutning sinn á verkinu „Tuttugu tillit til Jesúbarnsins" eftir Olivier Messiaen.

Ásgeir Páll hefur starfað við útvarp um margra ára skeið, nú síðast á Bylgjunni. Hann fluttist búferlum til Salzburg í Austurríki fyrir tveim árum hvar hann hefur numið sönglistina. Nú í haust hefur hann störf við óperuhúsið í Halle í Þýskalandi.

Þorvaldur Kr. Þorvaldsson á ekki langt að sækja sönggenin, en hann er sonur Þorvaldar Halldórssonar. Hann hefur komið víða fram við söng og fagurgala ýmiskonar í gegnum tíðina, en að loknu Listaháskólanámi stundar hann nú nám í óperusöng í Salzburg.

Tvennir tónleikar verða í kirkjunni, kl. 18 og 20

Fransmenn á Íslandi

Velkomin á safn um franska skútusjómenn sem stunduðu sjóinn við Íslandsstrendur í yfir 300 ár.

Fáskrúðsfjörður var aðalbækistöð Frakka á Austurlandi, þeir reistu þar sjúkraskýli, sjúkrahús, kapellu og hús fyrir ræðismann sinn.

Héraðsprent

Fransmenn á Íslandi
Búðavegi 8 - Fáskrúðsfirði - 864 2728
www.fransmenn.net

Kaffihús með frönskum blæ
Opið alla daga í sumar, 10-18.

Liberté • Égalité • Fraternité
RÉPUBLIQUE FRANÇAISE

AMBASSADE DE FRANCE
EN ISLANDE

Sendiráð Frakklands sendir íbúum Fáskrúðsfjarðar og gestum þeirra heillaóskir í tilefni Franskra daga, og fagnar þessu framtaki sem styrkir enn vináttu Frakka og Íslendinga."

LAUNAFL
www.launafl.is – sími 414-9400

Tvennt má teljast til nýjunga á Frönskum dögum í ár

Í fyrsta lagi verður svokallað Ós-sund, þ.e.a.s. synt verður í pollinum við tjaldstæðið fimmtudaginn 23. júlí kl. 18.30. Marjolyn van Dijk átti hugmyndina að þessari uppákomu. „Ég hef stundað sjósund og keppt í því í Hollandi. Að undanförnu hefur áhugi aukist mikið á Íslandi á þessari heilsubótarskemmtun og þess vegna fannst mér tilvalið að láta til skarar skríða hér á Fáskrúðsfirði."

Í öðru lagi ætlar mótorhjólaáhugafólk að safnast saman við Íþróttahúsið laugardaginn 25. júlí kl. 12. Þaðan verður ekið í gegnum göngin, út að Vattarnesi og inn Fáskrúðsfjörð að minningarathöfn um franska sjómenn sem hefst kl. 12.30. Að henni lokinni mun hersingin slást í skrúðgönguna inn í bæinn sem hefst um kl. 13.30. Mótorhjólin verða til sýnis í miðbænum eftir skrúðgönguna.

„Síðastliðið ár hefur mótorhjólum fjölgað gríðarlega hér fyrir austan. Áhugafólk hefur stofnað klúbbinn „Drekar". Á miðvikudögum er safnast saman á Reyðarfirði og hjólað víða um Austurland. Okkur hjónum datt í hug að gaman væri að safna saman öllum mótorhjólum á Fáskrúðsfirði og taka mynd af þeim og nota þetta tilefni til þess. Það væri gaman ef allir mættu sem vettlingi geta valdið til að taka þátt í hátíðahöldunum," sagði Marjolyn mótorhjólagella.

Kaffihúsið
guesthouse

TANDRABERG EHF
Strandgata 64 – 735 Fjarðabyggð
476 1624 – 892 1208

Fjarðabyggð er flott á sumrin.

Leggðu á fjöllin í sumarblíðunni,
hér getur þú lifað hátt án þess að kosta miklu til.
Þú færð ótakmarkað aðgengi að einstökum
náttúruperlum, tjaldar frítt á fimm tjaldsvæðum
og ferð ókeypis um göngin.

Velkomin í Fjarðabyggð
– þar sem fjöllin nærа sálina

Fjölbreytt söfn og sundlaugar

FJARÐABYGGÐ

fjardabyggd.is

Mjóifjörður | Norðfjörður | Eskifjörður | Reyðarfjörður | Fáskrúðsfjörður | Stöðvarfjörður

ÍSLENSKA/SIA.IS/FJA 45525 03/09

Hönnunarmarkaður á Frönskum dögum

Esther Ösp Gunnarsdóttir og vinir hennar standa fyrir hönnunarmarkaði í Þór, Búðavegi 35, um Franska daga. Við báðum Esther að segja lesendum frá hárskrauti sem hún hannar." Fyrir tæpum þremur árum byrjaði ég að búa til hárskraut vegna þess að mér fannst það sem var í boði alltof dýrt. Ég hef alltaf unnið mest með rós og leður því mér finnst þau efni bæði falleg og sérstök. Fyrst um sinn bjó ég skrautið bara til fyrir mig en fljótlega fóru stelpur og konur sem sáu mig með það að biðja mig að gera skraut fyrir þær. Ég setti því myndir af skrautinu inn á netið og upp úr áramótum stofnaði ég síðuna www.harspangir.com, svo þær sem hefðu áhuga gætu skoðað úrvalið. Síðan þá hefur verið nóg að gera hjá mér í hárspangagerðinni. Ég bý til skraut fyrir öll tækifæri; sumar eru sparilegar en aðrar hversdagslegri. Ég hef fengið ýmsar sérpantanir frá konum sem eru að gifta sig, fara á árshátíðir, stelpum sem eru að fermast o.fl."

Hönnunarmarkaðurinn í Þór er opinn sem hér segir:

föstudagur: 16:00-18:00
laugardagur: 13:00-17:00
sunnudagur: 13:00-16:00

Franskir dagar 2009

Opnunartímar

Paintball á svæðinu föstudag og laugardag ef veður leyfir.

Safnið Fransmenn á Íslandi (punktur 1 á korti)
Opið alla helgina frá kl. 09:00 – 18:00. Heimalningar við safnið á laugardaginn. Okkar vinsæla rabarbarapæ á tilboði. Ljósmyndasýning frá bæjarhátíðinni Íslandsdögum í Gravelines í Frakklandi.

Söluskáli S.J. (punktur 2 á korti)
Opið alla helgina frá 09:00 – 22:00. Frönsk lauksúpa og önnur spennandi tilboð á mat alla helgina.

Café Sumarlína (punktur 7 á korti)
Opið: Fimmtudag 11:00 – 01:00
Siggi idol trúbar frá 22:00 – 01:00
Föstudag 11:00 – 04:00
Siggi idol trúbar frá 23:00 – 02:00
Laugardag 11:00 – ??:??
Sunnudag 11:00 – 22:00
Bylgjan í beinni föstudag og laugardag.

Hótel Bjarg (punktur 2 á korti)
Föstudagsk. 22:00 – 04:00 - DJ EXOS. 18 ára.
Laugardagsk. 22:00 – 04:00 - DJ A.T.L. 18 ára.

Samkaup Strax (punktur 13 á korti)
Opið: Föstudag 10:00 – 19:00
Laugardagur 11:00 – 18:00
Sunnudagur 11:00 – 14:00
Margvísleg tilboð alla helgina.
Sjá nánar í auglýsingu í blaði Franskra daga.

Sundlaug Fáskrúðsfjarðar (punktur 8 á korti)
Opið: Fimmtudag og föstudag 13:00 – 16:00
Laugardag 11:00 – 14:00
Sunnudag 13:00 – 14:00

Sýningar opnar:
Fimmtudag 17:00 – 19:00
Föstudag 15:00 – 19:00
Laugardag 16:00 – 19:00
Sunnudag 13:00 – 16:00

Skólamiðstöðin: (punktur 10 á korti)
Ljósmyndasýning Aldís Fjóla Ásgeirsdóttir
Ljósmyndasýning Áhugaljósmyndarar á Fáskrúðsfirði
Ljósmyndasýning Pauline Cabioch
Krítarmyndir Heiðrún Ósk Ölversdóttir
Handverk heimamanna.

Viðarsbúð - Búðavegi 13 (punktur 18 á korti)
Málverkasýning Erlu Þorleifsdóttur.

Þór – Búðavegi 35 (punktur 12 á korti)
Austfirskir hönnuðir sölusýning
Opin: Föstudag 16:00 – 18:00
Laugardag 13:00 – 17:00
Sunnudag 13:00 – 16:00

Tangi – Gamla Kaupfélagið (punktur 22 á korti)
Húsið hefur gengið í endurnýjun lífdaga og verður opið gestum og gangandi til sýnis laugardag og sunnudag frá 14:00 – 17:00.

Dagskrá

Miðvikudagur 22. júlí

19:00 - Ganga í aðdraganda Franskra daga. Gengið upp með Gilsá, mæting við gamla hermannabraggann innan við Brimnes (við norðanverðan fjörðinn). Göngustjóri er Eyþór Friðbergsson.

Fimmtudagur 23. júlí

18:30 - Ós-sund (punktur 20 á korti) Börn og fullorðnir taki sér sundsprett í Ósnum. Mæting við tjaldstæðið.

20:00 - Kenderíisganga að kvöldlagi (punktur 9 á korti) Lagt af stað frá planinu Skólavegi 32.

Föstudagur 24. júlí

17:00 - Fáskrúðsfjarðarhlaupið 2009. Haupið verður frá Franska spítalanum í Hafnarnesi að grunni hans við Hafnargötu á Búðum 19,3 km.

17:00 - 17:45 Dorgveiðikeppni (punktur 21 á korti). Mæting á Fiskeyrarbryggju neðan við frystihúsið.

18:00 og 20:00 Fáskrúðsfjarðarkirkja – Hraustir menn og kjarnakona. Anna Guðný Guðmundsdóttir píanó, Ásgeir Páll Ágústsson barítón og Þorvaldur Kr. Þorvaldsson barítón. Frábær söngskemmtun. Forsala: Fransmenn á Íslandi og í s. 8642728.

18:15 - Tour de Fáskrúðsfjörður. Mæting við Höfðahús við norðanverðan fjörðinn.

??:?? – 20:45 Hverfahátíð. Glens og gaman um allan bæ. Skipulagt í hverju hverfi fyrir sig.

20:45– 22:00 Heyvagnaakstur. Gestir og gangandi sóttir á hverfastöðvar og ekið að Búðagrund. Tjaldbúar eða aðrir sem ekki telja sig tilheyra ákveðnu hverfi verða sóttir á tjaldsvæðið við Ósinn og á planið við Skólaveg 32. (punktur 9 á korti)

22:00-23:30 Setning franskra daga - á Búðagrund. (punktur 4 á korti). Setning, varðeldur, brekkusöngur með Sigga idol í fararbroddi, eldsýning o.fl.

23:30 – 00:00 Flugeldasýning – Jibbí.

Laugardagur 25. júlí

09:30 – 11:00 Minningarhlaup um Berg Hallgrímsson.Mæting við Reykholt. (punktur 3 á korti)

11:00 – 12:00 Fáskrúðsfjarðarkirkja - Taize-messa. Messan byggir á hljómfögrum sálmum kenndum við franska klaustrið í Taize. Prestur: Séra Gunnlaugur Stefánsson.

12:00 Sniglaakstur (punktur 23 á korti). Mótorhjólaeigendur fjölmenni á fákum sínum við íþróttahúsið þaðan sem lagt verður af stað í hringferð til Reyðarfjarðar og um Vattarnesið og komið inn í skrúðgönguna við Krossana.

12:30 – 13:30 Minningarathöfn í franska grafreitnum. – Séra Gunnlaugur Stefánsson. Afhjúpaðir verða krossar á leiðum sjómannanna 49 og blómsveigur lagður að minnisvarðanum. (punktur 11 á korti)

13:30 – 14:00 Skrúðganga (punktur 11 á korti). Lagt verður af stað frá Franska grafreitnum að minningarathöfn lokinni. Fjöllistahópur sprellar með gestum og gangandi. Allir hvattir til að mæta og gaman væri að sjá sem flesta í skrautlegum klæðnaði.

14:00 - 16:00 Meistaraflokkur karla Leiknir – Draupnir. Leikið er á Búðagrund. (punktur 15 á korti). Mætum öll og styðjum "strákana okkar".

14:00 - Hátíð í miðbænum (hátíðarsvæði). Kynnar á hátíðinni eru Ásgeir Páll og Þorvaldur Kr. Meðal atriða: Einar einstaki, Hljómsveitin Mas, Kærabæjarkórinn og Stúdentabandið. Leiktæki, Götumarkaður, Fjöllistahópur, Kassabílarall, Happdrætti og margt fleira.

16:00 – 16:30 Upplestur úr ljóðabókinni "Og lífsfljótið streymir" í Skrúði (punktur 6 á korti). Höfundur er Oddný Sv. Björgvins frá Ási Fáskrúðsfirði, útgefin af Félagi ljóðaunnenda á Austurlandi.

16:30 – 17:30 Harmonikkudansleikur í Skrúði (punktur 6 á korti). Nú pússum við dansskóna og fáum okkur snúning við ljúfa nikkutóna.

17:00 - 17:30 Trjónubolti (punktur 10 á korti). Á sparkvellinum við Grunnskólann. Frábær skemmtun sem kitlar hláturtaugarnar. Keppt er í 7 manna liðum, þátttaka tilkynnist í síma 863-6108.

17:30 - Íslandsmeistaramótið í Pètanque (punktur 10 á korti). Á sparkvellinum við Grunnskólann.Skráning á staðnum og á heimasíðu Franskra daga. www.franskirdagar.com

23:00 – 03:00 Dansleikur í Skrúði (punktur 6 á korti).Hljómsveitin Mónó leikur fyrir dansi, vínveitingar á staðnum, 18 ára aldurstakmark.
Forsala aðgöngumiða á Sumarlínu og í götunni.

Sunnudagur 26. júlí

11:00 - 12:00 Ævintýrastund fyrir börnin (punktur 24 á korti). Mæting við bátinn Rex.

12:00 - 13:30 Fjölskyldustund á Búðagrund (punktur 15 á korti). Leikir, glens og gaman fyrir alla fjölskylduna. Gamla góða sjómannadags-stemmingin.

14:00 - 16:00 Meisaraflokkur kvenna - Fjarðabyggð/ Leiknir - Selfoss. Leikið er á Búðagrund. (punktur 15 á korti) Mætum öll og styðjum "stelpurnar okkar".

Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar.
Undirbúningsnefndin.

Skrúðsverk ehf

Óskum öllum gleði og góðrar skemmtunar
á bæjarhátíðinni Franskir dagar á Fáskrúðsfirði

Skrúðsverk ehf Túngötu1 Fáskrúðsfirði
akstur og vélavinna
Sími-Páll 8956337. Sími-Sverrir 6907141.

TRÉ & STEYPA

SJÓVÁ

Egersund Island

Vilt þú kynnast álveri?

Velkomin í Alcoa Fjarðaál í Reyðarfirði alla daga vikunnar klukkan 14:00. Boðið verður upp á kynningu á starfsemi álversins á neðstu hæð í stjórnunarbyggingunni neðan við kerskálana. Hópum og einstaklingum sem hafa áhuga á að fara inní álverið sjálft, er bent á að senda tölvupóst á netfangið fjardaal@alcoa.com eða hringja í síma 470 7700, til að panta tíma.

Verið velkomin!

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

www.alcoa.is

Bretónskar smákökur

Sablés Bretons

- 300 g lint smjör
- 300 g sykur
- 2 eggjarauður
- 400 g hveiti
- 1 tsk.w lyftiduft

Smjör og sykur hrært vel saman. Eggjarauðum hrært út í. Að lokum hveiti og lyftidufti. Deigið elt með höndum, mótað í stóra pylsu í plastpoka og kælt. Skorið í 32 bita sem mótaðir eru í kúlur. Kúlurnar settar á bökunarpappír, ýtt á þær með gaffli. Penslað með eggjarauðu eða hvítu. Bakað í 15-20 mín. efst í ofni við 140°C. Kökunum leyft að bíða á plötunni í tvær mínútur áður en þær eru settar á rist.

Umsjón Albert Eiríksson - Jón Björgvin Steinsson

KFFB

FROST

Fagmennska í Fyrirrúmi

Kælismiðjan Frost ehf.

Heildarlausnir fyrir smærri og stærri verkefni í kæliiðnaði:

MSI-Global	: Stálgrindarhús
Isocab	: Frysti-, kæliklefar og veggeiningar
Dan-doors	: Frystiklefa og eldvarnarhurðir
Grasso	: Frystipressur
Sinop	: Frysti- og kælivélasamstæður
Sinop	: Tölvukælar
Witt	: Kælimiðilsdælur
Danfoss	: Lokar og stjórnbúnaður
FrigoScandia	: Lausfrystar
Stein	: Brauðunar- og fullvinnslulínur
Aquaterm	: RSW kerfi
DSI	: Plötufrystar
Samitech	: Sjálfvirkir plötufrystar
Güntner	: Kæliblásarar

Vestmanna Fiskavirki, Vestmanna Færeyjum:
Afhent í apríl 2008, frystikerfi og sjálfvirkur plötufrystir,
70 tonna afköst á sólahring, 3000 tonna frystigeymsla.

Þjónusta:
Hönnun
Ráðgjöf
Fjargæsla
Einangrun

Kælismiðjan Frost ehf.
Fjölnisgötu 4b
603 Akureyri
Sími 464 9400
Fax 464 9401
frost@frost.is

Kælismiðjan Frost ehf.
Stangarhyl 5
110 Reykjavík
Sími 464 9400
Fax 464 9402
www.frost.is

FÁSKRÚÐSFIRÐINGAR

GLEÐILEGA FRANSKA DAGA

PROMENS

sæplast plastker og bretti

www.123.is/blakdeildleiknisfaskrudsfirdi.is

BLAKDEILDIN FÁSKRÚÐSFIRÐI

Kæru Fáskrúðsfirðingar og gestir. Minnum á okkar frábæru veitingasölu í götunni. Hamborgarar, vöfflur og glódót.

Til hamingju með frábæra Franska daga 2009!

Tanni Travel Til staðar fyrir þig!

Strandgötu 14 · 735 Eskifjörður
www.tannitravel.is · Sími 476 1399
tannitravel@tannitravel.is

Euro-4 umhverfisvottun
Umhverfisvæna fólksflutningafyrirtækið
Við erum til fyrirmyndar!

Euro-4 no pollution certified
The environmentally friendly bus company
We lead by example!

Euro-4 Abgasnorm zertifiziert
Das umweltfreundliche Busunternehmen
Wir gehen mit Beispiel voran!

Austfjardaleid

Óseyri 1, 730 Reyðarfjörður - Iceland
Sími/Tel. +354 477 1713 - Email: aust@austfjardaleid.is

Til hamingju með Franska daga!

SÓLSKÓGAR ehf.
Þar sem fagmennirnir eiga heima

Sími 471 2410 - Heimasími 471 1729 - Fax 471 2478
Netfang: solskogar@simnet.is
Heimasíða:www.solskogar.is

Texti: Gísli Jónatansson

Verslunarhúsið Tangi á Fáskrúðsfirði

Kaupmanna- og samvinnuverslun

Það var árið 1888 sem Carl Daníel Tulinius (1835-1905) kaupmaður á Eskifirði opnaði útibú frá verslun sinni á Eskifirði á Búðum í Fáskrúðsfirði. Enn standa tvö hús á Fáskrúðsfirði sem tengd eru Tulinius. Það eru húsin Sjólyst (Búðavegur 41a) og Tangi. Sjólyst var byggð 1884 og hefur borið fleiri nöfn s.s. Búðaströnd, Búðakaupstaður, Framkaupstaður, Skriða, Rúst og Gerði. Verslun Tuliniusar var í fyrstu staðsett í nágrenni við Sjólyst og hét þá Framkaupstaður, en árið 1895 byggði hann nýtt verslunarhús utar í kauptúninu, Útkaupstað eða Tanga, en það hús hefur nú verið endurbyggt.

Tveir synir Carls Daníels, þeir Carl Andreas (1864-1901) og Þórarinn Erlendur (Thor E. Tulinius) (1860-1932), koma mikið við sögu Tuliniusarverslunar á Fáskrúðsfirði. Carl Andreas var yfirmaður Tuliniusarverslunar á Fáskrúðsfirði og franskur konsúll. Carl Andreas lést aðeins 37 ára gamall og reistu vinir hans honum minnisvarða fyrir ofan Tanga að honum látnum. Þórarinn Erlendur, sem auk verslunarreksturs rak umfangsmikla kaupskipaútgerð og hefur verið nefndur fyrsti íslenski skipakóngurinn, keypti síðar verslanir föður síns, stofnaði félag sem hann nefndi "Hinar sameinuðu íslensku verslanir." Árið 1926 urðu Hinar sameinuðu íslensku verslanir gjaldþrota og lauk þar með verslunarsögu Tuliniusa á Fáskrúðsfirði og víðar um land.

Saga Tanga hefst út í Kaupmannahöfn árið 1894. Tvítugur maður frá Eskifirði er að læra byggingariðn hjá fyrirtækinu Hovsted & Balslev í Pílustræti 65. Þetta var Pétur Vilhelm Jensen (1874-1961), en hann sigldi til náms í Kaupmannahöfn 22. október 1890, tæplega sextán ára gamall. Vilhelm var m.a. faðir Arnþórs Jensens kaupmanns á Eskifirði og Jens Peders Jensens, skipstjóra á Eskifirði, sem fórst með Hólmaborg árið 1956. Vilhelm var því m.a. afi Vals Arnþórssonar, fyrrv. kaupfélagsstjóra KEA og Jens Péturs Jensens, fyrrv. skrifstofustjóra Kaupfélags Fáskrúðsfirðinga.

Minnisvarði um Carl A. Tulinius á Fáskrúðsfirði

Meistari Vilhelms hjá Hovsted & Balslev, N. Boysen, segir honum að Thor E. Tulinius sé að falast eftir tveimur húsgrindum og biður Vilhelm að fara á fund Þórarins til að yfirfara heldur ófullkomnar teikningar af húsunum. Þórarinn segir honum að önnur húsgrindin sé fyrir Ottó bróðir hans á Hornafirði, en hin fyrir Carl Andreas bróður hans á Fáskrúðsfirði. Það verður úr að Vilhelm tekur að sér að gera nákvæmar teikningar af húsunum. Hann fer aftur á fund Þórarins með teikningarnar, en Þórarinn vill ekki greiða honum uppsett verð fyrir teikningarnar og fer hann því með þær til baka.

Í febrúar árið 1895 kemur bréf til Vilhelms frá Hótel Kongen af Danmark. "Bið yður vinsamlegast að tala við mig á hótelinu þann 10. febrúar þ.m. kl. 6-7 að kveldi." Virðingarfyllst, Carl A. Tulinius.

Carl tók vel á móti Vilhelm. "Thor bróður minn hefur sagt mér frá teikningu, er þú hefur gert eftir rissi frá Einari snikkara á Eskifirði." Vilhelm segir Carli að Þórarinn hafi ekki viljað greiða honum 250 krónur fyrir teikningarnar eins og hann hafi óskað eftir. Hann hafi því farið með þær til baka og meistari hans hafi greitt honum 300 krónur fyrir verkið og hann sé með teikningarnar. Carl samþykkti að greiða sama verð og réð Vilhelm til að reisa verslunarhúsið á Búðum í Fáskrúðsfirði.

Norska skipið Rjukan lagði svo af stað frá Kaupmannahöfn til Íslands 5. apríl 1895 með efnið í Tanga og stórviði í bryggju og var sökkhlaðið. Skipstjórinn hét Haugeland, gamall maður og mjög sjóhræddur. Meðal farþega voru Vilhelm og Carl Andreas. Þórarinn mætti á bryggjuna og var dálítið brosleitur þegar hann kvaddi Vilhelm.

Skipið hreppti mjög vont veður á leið sinni til Íslands. M.a. fékk það á sig brotsjó svo að allar olíutunnur á afturdekki tók út. Þá var ekki um annað að ræða en að snúa við til Hjaltlands, því að kola- og vatnslaust var orðið um borð. Siglt var til baka í hálfan annan sólarhring til Leirvíkur og þar fengu

menn kol og vatn. Skrúðinn sáu menn fyrst 25. apríl. Hafís var rúmar tvær sjómílur frá landi og var siglt norður með ísnum í besta veðri, en hvergi sást glufa. Hinn 29. apríl kom sunnan gola og þá komst skipið undir Skrúð í gegnum rennu. Rjukan lagðist svo að bryggju á Eskifirði 30. apríl og stoppaði þar í tvo daga. Þá var haldið til Fáskrúðsfjarðar og komið þangað á krossmessudaginn 3. maí.

Jón Stefánsson Scheving hét verslunarstjóri Carls á Fáskrúðsfirði, en kona hans Stefanía. Hjá þeim var uppeldissonur þeirra Björn Gíslason, bróðir Þorsteins Gíslasonar ritstjóra. Vilhelm var nú komið fyrir hjá Halldóri Stefánssyni, en það var köld og lítil vistarvera, ólíkt því sem hann hafði haft síðustu árin. Þetta sumar kynntist hann Guðmundi Ásbjarnarsyni sem síðar varð fríkirkjuprestur á Eskifirði. Hann var við verslun Carls vegna kunnáttu sinnar í frönsku og öðrum tungumálum.

Á meðan timbri og vörum var skipað upp úr Rjukan fór Vilhelm í að rífa gömul hús á Búðatanga. Þá var grafinn og hlaðinn grunnur undir húsið, reknir niður staurar og byggð bryggja. "Það var mikið að gera á Fáskrúðsfirði og varla verið meira fjör í annan tíma. Carl Andreas var hinn besti húsbóndi og gott að vinna fyrir hann," segir Vilhelm. Það hefði ekki verið til mikils að fara eftir teikningu, því að nú var öllu breytt, húsið minnkað mikið og lækkaðir veggir, en grunnflötur þó nokkuð látinn halda sér. Þetta varð allt að ganga fljótt og voru bráðabirgðaskúrar reistir fyrir vörurnar. Margir hjálparsmiðir voru fengnir til þess að verkið gengi sem fljótast. Frá Eskifirði komu Einar Einarsson, Guðmundur Jónsson og Ásmundur Bjarnason. Húsið sjálft, sem var bæði íveruhús og verslunarhús var reist 29. ágúst 1895 og komið undir þak, alklætt og fokhelt í byrjun október. Þá var haldið reisugildi í stærsta húsi sem þá hafði verið reist á Búðum.

"Reisugildið var hið veglegasta og líklega það rausnarlegasta, sem haldið hafði verið á Fáskrúðsfirði eða í nærliggjandi sveitum", segir Vilhelm í æviminningum sínum. Þarna voru settar á stokka brennivínstunna, bjórtunnur og ein tunna af Ratafía. Þetta var fyrir utan það sem drukkið var úr flöskum svo sem kampavín, líkjör og sænska bankóið sem dömurnar drukku. Þarna var saman komið um þrjú hundruð manns, dansað alla nóttina og fram á dag. Guðmundur Ásbjarnarson, vinur Vilhelms, var skenkjari á meðan hann gat og svo voru ótal hjálparkokkar.

Þessar upplýsingar um upphafið að Tanga eru byggðar á æviminningum sem Vilhlem Jensen ritaði sjálfur og nefndi "Séð, lifað og starfað." Steindór Steindórsson frá Hlöðum og Ari Harðarson lásu yfir og endurrituðu þessi minningabrot, en handritið var ekki ætlað til útgáfu.

Eins og að framan greinir fóru Hinar sameinuðu íslensku verslanir í þrot árið 1926. Jón Davíðsson (1875-1954) bjó með fjölskyldu sinni í Tanga og hafði lengi starfað við Tangaverslun. Kona hans var Jóhanna Kristjánsdóttir (1882-1973). Jón tekur að sér verslunarreksturinn í nokkur ár eða fram undir stofnun Kaupfélags Fáskrúðsfirðinga 6. ágúst 1933, en þá kaupir kaupfélagið húseignir Tangaverslunar. Jón Davíðsson var m.a. faðir Þorvaldar Jónssonar (1908-1995) skipaafgreiðslumanns á Fáskrúðsfirði. Þorvaldur var fæddur í Tanga 18. ágúst 1908 og var kunnur Fáskrúðsfirðingur á sinni tíð.

Björn Ingi Stefánsson (1908-2000) var fyrsti kaupfélagsstjóri Kaupfélags Fáskrúðsfirðinga 1933-1946. Hann bjó ásamt konu sinni Þórunni Sveinsdóttur (1913-1999) og börnum í Tanga til 1946 og er það síðasta fólkið sem bjó í húsinu. Frá 1946 var Tangi eingöngu notaður fyrir verslun og skrifstofur kaupfélagsins. Eftir að Björn flutti úr Tanga höfðu kaupfélagsstjórarnir Einar Guðni Sigurðsson, Guðlaugur Eyjólfsson, Helgi Vigfússon og Guðjón Friðgeirsson skrifstofur sínar í Tanga. Kaupfélagið rak verslun í Tanga fram í nóvember 1980, en þá var hún flutt í nýtt húsnæði að Skólavegi 59. Eftir að verslun var lögð niður í Tanga var rekið netaverkstæði í húsinu í nokkur ár á vegum kaupfélagsins.

Magnús Skúlason fyrrv. forstöðumaður Húsafriðunarnefndar ríkisins segir m.a. í bréfi til kaupfélagsins þann 23. maí 2003. "Að mati undirritaðs hefur húsið mikið varðveislugildi fyrir Fáskrúðsfjörð vegna aldurs, gerðar og menningarsögu. Þá hefur húsið einnig varðveislugildi vegna staðsetningar við Hafnargötu og tengsl við önnur hús þar."

Hinn 19. nóvember 2007 hófst endurbygging Kaupfélags Fáskrúðsfirðinga á Tanga í samstarfi við Húsafriðunarnefnd í því augnamiði að koma húsinu í eins upprunalegt horf og hægt væri. Það er fyrirtækið Svarthamrar ehf. í Neskaupstað, undir stjórn Guðbjarts Hjálmarssonar, sem verið hefur aðal framkvæmdaaðili við endurbygginguna. Þegar þessar línur eru ritaðar er Ingólfur Arnarson málarameistari í Neskaupstað og hans fólk að bera málningu á síðustu fletina og að endingu bera þau fernisolíu á trégólf hússins.

Það er alveg ljóst að Tangi er eitt sögufrægasta hús á Fáskrúðsfirði og hefur í gegnum tíðina gegnt miklu þjónustuhlutverki við íbúana. Með endurbyggingu Tanga er verið að bjarga merku nítjándu aldar húsi og um leið menningarverðmætum fyrir Fáskrúðsfjörð. Þar að auki má segja að rætur atvinnulífs á Fáskrúðsfirði liggi frá Tanga alveg fram á þennan dag.

Það verður svo að vera þróunarverkefni næstu ára hvernig húsið verður útbúið og hvernig það verður nýtt í framtíðinni. Það má með sanni segja að Tangi sé mjög góð viðbót við skemmtilega flóru gamalla húsa við Hafnargötuna á Búðum.

Björn Stefánsson

Carl A. Tulinius

Pétur Vilhelm Jensen

Franskir dagar 2008

Þökkum eftirtöldnum aðilum stuðninginn við Franska daga

Bílafell Fellabæ □ Bíley Reyðarfirði □ Brekkan Stöðvarfirði □ GG garðaúðun □ Pex □ Toyota á Austurlandi □ Mannvit □ Sporður hf □ Tannlæknastofa Austurlands □ Eskja □ Síldarvinnslan □ Fjarðaþrif □ E.J.G. Verk EHF □ Njáll SU 8 ehf □ Atlas □ Orkusala

Samkaup strax

Verslunin er opin um
Franska daga sem hér segir:

Föstudagur 24. júlí
kl. 10:00 - 19:00

Laugardagur 25. júlí
kl. 11:00 - 18:00

Sunnudagur 26. júlí
kl. 11:00 - 14:00

MARGVÍSLEG TILBOÐ
ALLA HELGINA

Opnunartímar
Sundlaugarinnar:

Fimmtudagurinn	23. júlí	13:00 - 16:00
Föstudagurinn	24. júlí	13:00 - 16:00
Laugadagurinn	25. júlí	11:00 - 14:00
Sunnudagurinn	26. júlí	13:00 - 14:00

Fólk getur nýtt sér sturtu aðstöðu
sundlaugarinnar á opnunartímum.

FJARÐABYGGÐ | þú ert á góðum stað fjardabyggd.is

Mjóifjörður Norðfjörður Eskifjörður
Reyðarfjörður Fáskrúðsfjörður Stöðvarfjörður



VHE
VÉLAVERKSTÆÐI

EIMSKIP

Café Sumarlína

Café · Restaurant · Bar

Franskir á Sumarlínu

Fimmtud. 23. júlí - Opið 11:00-01:00.
Siggi ídol trúbar frá 22:00-01:00.
Föstud. 24. júlí - Opið 11-03.
Bylgjan í beinni. Sjávarréttasúpa í hádeginu.
Siggi ídol trúbar frá 23:00-02:00.
Laugard. 25. júlí - Opið 11:00-?
Brönch í hádeginu frá kl. 12:00-14:00.
Hemmi Gunn og Svansí í beinni frá Sumarlínu.
Ýmsir smáréttir í boði frá kl.11:00-21:00 alla dagana.
Sunnud. 26. júlí - Opið 11-22.

Café Sumarlína
Búðavegi 59 · Fáskrúðsfirði
sími 475-1575 / gsm 845-8008 / 863-1341

KRÓNAN fyrst og fremst ódýr

Ódýrt STOPP

á leiðinni í frítíð

Krónan Reyðarfirði

Texti: Albert Eiríksson
myndir: úr einkasafni

Sigsteinn í Tungu

„Ég hef lifað ákaflega farsælu lífi og er þakklátur forsjóninni fyrir það sem hún hefur úthlutað mér. Maður verður að taka því sem að manni er rétt. Því verður ekki á móti mælt að sterkar taugar liggja til þess staðar þar sem maður eyðir ungdómsárunum, lengi vel saknaði ég mikið fjallanna fyrir austan og oft er ég búinn að fara á æskuslóðirnar," segir hinn 104 ára Sigsteinn Pálsson frá Tungu í Fáskrúðsfirði sem nú dvelur á Dvalarheimilinu Hlaðhömrumum í Mosfellsbæ.

Foreldrar Sigsteins voru Páll Þorsteinsson (1863-1951) frá Víðivallagerði í Fljótsdal og Elínborg Stefánsdóttir (1876-1951) frá Þóreyjarnúpi í Vestur-Húnavatnssýslu. Þau bjuggu fyrstu fjögur árin á Víðilæk í Skriðdal og eftir það í átta ár í Þingmúla í sömu sveit. Ungu hjónin urðu fyrir miklu áfalli fyrir sláturtíð síðasta haustið þar, þá fennti fé til dauða og a.m.k. eitt hross. „Móðir mín hafði áhuga að komast nálægt sjó til að fá nýmeti handa börnunum."

Páll og Elínborg fluttu í Tungu árið 1898 með sjö börn en þangað áttu þau ekki bein tengsl. Þar var þá þríbýli, þau tóku yfir öll býlin og eftir það var búið á einum stað. Fyrstu árin voru öll hús frekar léleg í Tungu, skárst voru húsin í Tunguhóli (þar sem listamaðurinn Ríkharður Jónsson fæddist). Þar voru geymd matvæli og fleira sem ekki mátti verða fyrir skemmdum.

Sigsteinn heyrði þá sögu að Jónasi presti á Kolfreyjustað hafi ekki litist á blikuna þegar von var á ungum hjónum með svo mörg börn í sveitina. Þetta var óþarfa ótti því eftir tvö ár í Tungu var Páll orðinn hreppstjóri og gegndi því fram yfir 1930 er Gunnar sonur hans tók við. „Það var allmikið starf að vera hreppstjóri og enn meira þegar fjörðurinn var einn hreppur. Faðir minn var því mikið að heiman."

Ungu hjónin byggðu sér hús árið 1905 og munu hafi verið skuldlaus um haustið.

Hluti af íbúðarhúsinu Sævarborg á Sævarendaströnd var notað í Tunguhúsið. Það var timburhús með kjallara og portbyggt með tveimur kvistum. Húsið þótti höll í samanburði við kofana sem fólkið bjó í á þeim árum.

Öll uppvaxtarár Sigsteins var fjölmennt í Tungu, mest voru þar 21 í heimili. Sigsteinn hændist mikið að vinnukonu sem þar var og Björg hét. Það kom að því að hún hætti í vinnumennskunni og fór frá Tungu. Aðspurð sagði hún Sigsteini að hún væri að fara út í veröldina. Saman fóru þau að Gestsstöðum til að kveðja og er þau komu niður undir Dalsána sagði hann; „Er þetta veröldin?" „Þetta er það fyrsta sem ég man raunverulega eftir mér," segir Sigsteinn.

„Ég ólst að mestu upp með systrum mínum, fjórar eru eldri en ég og tvær yngri. Bræðurnir voru enn eldri. Jónína Benediktsdóttir frá Geirólfsstöðum í Skriðdal kenndi okkur einn vetur þegar ég var sex ára, einnig kenndi hún systrum mínum að sauma og baka. Ég gekk á eftir mömmu til að fá taupjötlu til

Systkinin í Tungu. Aftari röð frá vinstri: Halldór, Jón, Þorsteinn, Stefán, Gunnar og Sigsteinn. Fremri röð frá vinstri: Kristín, Valgerður, Lára, Ingibjörg, Sigurbjörg og Unnur.

Hjónin á Blikastöðum í Mosfellssveit; Helga Magnúsdóttir og Sigsteinn Pálsson.

að sauma úr eins og stelpurnar. Hún fann léreft sem Jónína teiknaði á og ég saumaði. Af þessu hafði ég gaman enda allur í kvennaverkunum og frábitinn sveitastörfum á þeim aldri. Þegar systur mínar voru farnar að heiman þá lentu sum af þessum kvenmannsverkum á mér. Ég kunni til dæmis á prjónavél, ég prjónaði sokka og nærföt. Ég prjónaði og prjónaði heima í Tungu. Jónína varð seinna kennslukona á Búðum en flutti aftur í Skriðdalinn og giftist Helga Finnssyni nágranna sínum. Þá var ort:

Þau hafa leitað langt yfir skammt
lífið stundum fundist rammt
þau eru bæði úr sömu sveit
sameinuð í eftirleit."

Börnin í Tungu fóru í ýmsa leiki sér til afþreyingar. " Við fórum í þakbolta og slagbolta. Einn útileikur var t.d. fuglaleikur. Þá vorum við skírð fuglanöfnum í laumi, þar var staðið í hóp og sá sem var úti átti að giska upp á nöfnum fuglanna. Þegar hann gat upp á réttu nafni hljóp sá fuglinn af stað og við áttum að ná honum. Svo var líka skessuleikur og líka stórfiskaleikur. Að vetrinum var svell oft á nesinu fyrir neðan túnbrekkuna. Eldra fólkið lagði sig í rökkrinu en við krakkarnir máttum fara út og leika

okkur á svellinu á meðan. Svo áttum við að koma heim þegar ljós var komið í gluggana. Sá var raunar mestur maður sem fyrstur sá ljósið og kallaði „það er komið ljós, það er komið ljós" og þá þusti allur krakkaskarinn heim. Leiktæki voru nú ekki merkileg, ég man eftir að það voru til tvennir skautar og við vorum bara á þeim til skiptis. Svo var einhver sleðaræfill til líka."

Tunga var stórbýli, þar voru um þrjúhundruð fjár, þrjár til fjórar kýr til heimilisins og fjögur til fimm hross. Þó Tunga sé í miðri sveit segir Sigsteinn þau hafi verið einangruð. „Það gerðu árnar sitthvoru megin, þær voru farartálmar, Sævarendaáin og Dalsáin. Þær geta verið vatnsmiklar. Einu sinni kom góðvinur foreldra minna, Guttormur á Hallormsstað og gisti heima. Um nóttina gerði mikið vatnsveður. Hann var að fara til tengdaföður síns að Stöð í Stöðvarfirði. Við fórum af stað á hestum og ég sundreið yfir Sævarendaána en honum leist ekkert á blikuna og við snerum heim í Tungu. Það er í eina skiptið sem ég hef sundriðið."

„Árið 1916 var kosið í hreppsnefnd Fá-

Páll Þorsteinsson bóndi í Tungu, faðir Sigsteins.

skrúðsfjarðarhrepps og nefndin kom saman til að kjósa sér oddvita. Á einum miðanum stóð Sjálfur ég. Talið var að hann hefði skrifað Þorsteinn Lúðvíksson á Eyri.

Talsverður gestagangur var í Tungu. Þeir sem fóru um Reindalsheiði til Breiðdals komu við í Tungu og þáðu hressingu. Aðallega voru þetta Breiðdælingar, sérstaklega úr Norðurdalnum sem sóttu verslun á Búðum. Alltaf var nægt pláss fyrir gesti. „Þar sem er góður vilji er alltaf pláss. Það var talinn fjögurra klukkustunda gangur milli Tungu og Gilsár í Breiðdal. Það kom oft fyrir að menn komu með bagga á bakinu frá Búðum og fengu fylgd á hesti inn dalinn og upp á Heiði. Alloft var ég fenginn til að fara og ég fékk 25 aura fyrir".

Vorið 1919 fermdist Sigsteinn í kirkjunni á Búðum. „Þegar við komum heim eftir athöfnina þá var búið að baka pönnukökur, það voru nú öll veisluhöldin. Á ferming-

Mæðginin Elínborg og Sigsteinn.

ardaginn fengum við systkinin til eignar og afnota loðna og lembda á og gemling. Þetta var fermingargjöfin okkar og náttúrlega vísir að því að eignast eitthvað".

Hugur Sigsteins stóð til menntunar, sem ungling langaði hann að verða bakari eða klæðskeri. Hann sótti um í Eiðaskóla en fékk synjun, fór þá einn vetur í unglingaskólann á Norðfirði og bjó hjá bróður Önnu í Tungu, Sigdóri Brekkan skólastjóra. „Allt haustið var ég með mikla heimþrá. Þegar ég kom aftur til Norðfjarðar úr jólafríinu fékk ég enn meiri heimþrá, en harkaði það af mér og lauk vetrinum".

Mikil vonbrigði voru það fyrir Sigstein að fá synjun í Eiðaskóla, þar sem hann hafði sótt of seint um. Séra Ásmundur Guðmundsson, síðar biskup, var skólastjóri á Eiðum á þessum tíma. „Mörgum árum seinna þegar ég var orðinn bóndi á Blikastöðum og Ásmundur orðinn biskup yfir Íslandi þá kom hann og messaði á Lágafelli en þar var ég meðhjálpari. Ég minnti hann á að hann hefði ekki getað tekið við mér í Eiðaskóla á sínum tíma. „Það fór nú í verra," sagði biskupinn".

„Eftir veturinn á Norðfirði var Gunnar bróðir minn tekinn við búinu. Ég kom mér upp litlum bústofni en dreif mig í bændaskólann á Hólum einn vetur," segir Sigsteinn og bætir við að af sex bræðrum hafi fjórir farið í bændaskóla; Halldór í Ólafsdal, Þorsteinn á Eiða, Gunnar að Hvanneyri og Sigsteinn að Hólum. „Eftir Hólaveturinn fór ég heim aftur en sá að ekki var pláss fyrir okkur Gunnar báða í Tungu. Þrítugur fór ég suður og vann í ár á Garðyrkjuskólanum í Ölfusi sem ríkið rak. Gerðist þá ráðsmaður á Suður-Reykjum í Mosfellssveit". Sjálfsagt hafa það verið hans mestu gæfuspor, því þar kynnist hann tilvonandi konu sinni, Helgu Magnúsdóttur. Ungu hjónin tóku við búinu á Blikastöðum í Mosfellssveit árið 1942 af foreldrum Helgu. „Ég get ekki skýrt það öðruvísi en með því að ég hef unnið, borðað og sofið," segir Sigsteinn spurður um galdurinn að baki háum aldri og góðri heilsu. Hann bætir við að hann telji að langlífi leggist í ættir. „Jón Pálsson, langafi minn í föðurætt, varð 100 ára sem þótti sérstakt á þeim árum. Pabbi varð 96 ára og við systkinin höfum öll náð háum aldri."

Sigsteinn var hreppstjóri, formaður sóknarnefndar og einn af stofnendum Lionsklúbbs Kjalarnesþings. Sigsteinn og Helga eignuðust tvö börn, þau eru Magnús og Kristín.

Gamla íbúðarhúsið í Tungu, byggt 1904.

AFL
STARFSGREINAFÉLAG

Bólholt

Tilboð um Franska daga.

Frönsk lauksúpa
Hamborgaratilboð · Pizzatilboð
Pylsutilboð · Réttur dagsins

Áprentaðir bolir o.fl.

SÖLUSKÁLI S.J. FÁSKRÚÐSFIRÐI & 475 1490
SKYNDIBITASTAÐUR OG BENSÍNSTÖÐ VIÐ ÞJÓÐVEGINN OPNUNARTÍMI KL. 9-22 ALLA DAGA

Óskum íbúum Fáskrúðsfjarðar og gestum þeirra til hamingju með Franska daga.

Minnum á alhliða vörubíla- og gröfuþjónustu.

Vöggur ehf.

Grímseyri 11A, 750 Fáskrúðsfjörður
Guðmundur, sími 892 7090

Gleðilega
FRANSKA DAGA
Austfirðingar

BYKO Reyðarfirði, S: 470 4200 Opið: vd : 8-18 - lau : 10-14

BYKO
BYGGIR MEÐ ÞÉR

Íslandsbanki

Franskir dagar
Les jours français

Góða skemmtun á Frönskum dögum 2009

Velkomin til Fjarðabyggðar
- þú ert á góðum stað.

FJARÐABYGGÐ

Hafnarsjóður Fjarðabyggðar

Paintball

Nú í ár verður Paintball á Frönskum dögum ef veður leyfir. Í tilefni af því ætlum við að efna til Paintballkeppni milli fyrirtækja. Við viljum hvetja alla þá einstaklinga sem hefðu áhuga á að lyfta sér upp með samstarfsfélögum sínum að hafa samband í síma 847-0013 eða 843-7857 og skrá sig og sína í Paintball.

Óskum
Fáskrúðsfirðingum og gestum
góðrar skemmtunar
á Frönskum dögum 2009.

Loðnuvinnslan hf.
Skólavegi 59, 750 Fáskrúðsfjörður
Sími 470 5000, fax 475 1513
www.lvf.is